

**3. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, fimmtudaginn 24. mars 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Einar Brandsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar-og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fundur stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum.

*Drög að þarfagreiningu sem unnin hefur verið að starfsmönnum áhaldahúss og Fjöliðjunni og Búkollu lög fram til kynningar. Fyrri þarfagreining um uppbyggingu Fjöliðju verður notað sem hjálpargagn í þeirri vinnu.*

*Umræður um hönnun hússins og mikilvægi þess að fá aðkomu hans að starfi stýrihópsins sem fyrst. Stýrihópur samþykkir að kannað verði að fá hönnuði hjá Gláma Kím inn í verkefnið, með það að markmiði að for hanna uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum. Hönnuðir hjá Glámu Kím komu að fyrri stigum á hönnun á uppbyggingu á Fjöliðjunni og hafa því innsýn inn í starfsemina að einhverju leiti.*

*Stýrihópurinn felur starfsmönnum að fylgja því eftir og leggja fram upplýsingar þess efnis fyrir næsta fund stýrihóps.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**